**Nd.** **383. Frumvarp til laga** [175. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

Á eftir B-lið 1. mgr. 1. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

C. Við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skal, auk fulltrúa samkvæmt 1. mgr. 3. gr., einn fulltrúi af hálfu félaga seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda taka sæti í Fiskideild. Sjávarútvegsráðherra skipar fulltrúa þessa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Leitast skal við að ná sem víðtækastri samstöðu viðkomandi hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa samkvæmt þessum lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.